



dagsskrá



PÚKINN

2026



pukinnhatid.is

Dagskrá

Púkinn 2026

1. fimmbíó
2. dúó stemma
3. þykjó
4. dúllur
5. verur hafsins
6. skynheimur í jónsgarði
7. furðuverur í fjörunni
8. hafið og handþrykk
9. má snerta!
10. fjöruverur
11. kanínur um borð
12. galdraleiðangur við hafið



Fimmbíó

Púkans og UngRIFF

Hátíðasýning á stuttmyndunum sem urðu til á námskeiðinu „Myndræn sýn á samfélagið“ sem Púkinn hélt fyrir unglunga í öllum grunnskólum Vestfjarða í samstarfi við UngRIFF. Leikskólakórinn syngur og unglingastigið Allir velkomnir, sérstaklega foreldrar þeirra sem komu að gerð stuttmyndanna. Leiðbeinandinn, Erlingur Óttar Thoroddsen verður viðstaddur og leiðir umræður unglinganna við áhorfendur. Verkefnið er styrkt af Erasmus+



01 maí
Félagshemilið Hólmavík

17:00



02 maí
Skjaldborgarbíó

17:00



03 maí
Edinborgarhúsið

17:00



Erasmus+
Opnar hugann, auðgar líf

Álfar og Irmlar

Dúó Stemma

Hæ hæ við erum Dísu og Steef hljóðfæraleikarar og köllum okkur Dúó Stemmu. Við spilum á fullt af venjulegum hljóðfærum eins og trommur, klarínett, víólu en líka á mjög skrýtna og skemmtilega hljóðgjafa eins og steina, hrossabein, plastleikföng, o.fl. Við ætlum að kíkja inn í fortíðina í tali og tónum.

Við munum segja ykkur frá álfaheiminum en við ætlum líka að segja ykkur frá glænýjum verum sem kallast irmlar. Eru þeir nútíma álfar? Þið fáið að taka þátt í þessu ævintýri með okkur og það kemur í ljós hvað þið fáið að gera á tónleikunum. Það er List fyrir alla sem kemur með þennan viðburð á Púkann!


 05 maí

 08:20 – 09:00
10:30 – 11:10
13:00 – 13:40

 06 maí

 08:30 – 09:15
10:30 – 11:15
13:00 – 13:45

 07 maí

 08:30 – 09:15
10:45 – 11:30



Sólmyrkva- leikar!

Stjörnu-Sævar, Siggi & Ingibjörg,
ÞYKJÓ

Þann 12. ágúst verður sögulegur sólmyrkvi á Íslandi sem mun sjást allra best á Vestfjörðum! Á Púkanum verða hátíðarsýningar á Sólmyrkvaleikum – splunkunýju verkefni þar sem vísindi, listir og þjóðsögur renna saman í eitt stórt ævintýri! Stjörnu-Sævar útskýrir hvað sólmyrkvi eiginlega er og Ingibjörg í Þjóðsögukistunni leiðir okkur inn í heillandi þjóðsögur um fyrirbærið.

Við frumflytjum grípandi tónverk og töfrandi stuttmyndir sem vestfirskir krakkar unnu í vinnusmiðjum með ÞYKJÓ hönnunarteymi og tónlistardúóinu Ingibjörgu og Sigga fyrir í vetur. Verkefnið er styrkt af Barnamenningarsjóði og Vísindasmiðju Háskóla Íslands.



07 maí
Skjaldborgarbíó



16:30



08 maí
Ísafjarðarbíó - DCP



16:30



09 maí
Félagsheimilið Hólmavík



16:30



VÍSINDASMIÐJAN

Lærum að hekla dúllur

Byggðasafn Vestfjarða

Langar þig að læra að hekla dúllur? Komdu og eigðu huggulega stund með okkur í Krambúðinni í Neðstakaupstað. Dóra í Klæðakoti ætlar að kenna okkur að hekla og það verður kex og djús í boðinu. Hlökkum til að sjá þig!



30 apríl
Krambúðin
Neðstakaupstað Ísafirði



17:30 – 19:30



Verur hafsins

Bókasafn Ísafjarðar

Í stóra og dularfulla hafinu leynast ýmsar verur – raunverulegar og síður svo! Í þessari föndurstund ætlum við að kafa djúpt og búa til verur hafsins sem fá svo að svamla um Safnahúsið. Vertu með og láttu ímyndunaraflið ráða för! Smíðjan er ætluð börnum á yngsta stig grunnskóla en fullorðnir velkomnir með. Allt efnið á staðnum og þátttaka ókeypis. Leiðbeinandi Jelena Micic.



30 apríl
Safnahúsið Ísafirði



16:15



Sjávarstuð

Skynheimur

Kafaðu í spennandi neðansjávarævintýri þann 1. maí! Jónsgarður breytist í töfrandi hafheim fullan af sköpun, leik og uppgötvunum. Skynheimar-teymið setur upp skemmtilegar skynjunar- og skapandi stöðvar þar sem þú getur rannsakað, búið til og leikið þér inni í leyndardómun hafdjúpsins.

Kynntu þér furðulegar sjávarverur, leyfðu ímyndunaraflinu að flæða og uppgötvaðu eitthvað nýtt á hverri stöð! Viðburðurinn er ókeypis og ekki þarf að skrá sig fyrirfram. Klæddu þig í föt sem mega verða skítug og taktu með þér aukaföt-ævintýrið getur orðið svolítið sullandi! Fyrir frekari upplýsingar, sjáið Skynheimar Facebook-síðu eða hafið samband í gegnum netfangið: info@skynheimur.is



01 maí
Jónsgarður Ísafirði



13:00 – 15:00



Furðuverur í fjörunni

Edinborgarhúsið, Háskólasetur Vestfjarða

Hvaða dýr búa við ströndina?
Hvað borða krabbar? Furðuverur
í fjörunni er spennandi vísinda-
og listasmiðja sem haldin
er af Menningarmiðstöðinni
Edinborg og Háskólasetri
Vestfjarða, Leiðbeinendur
eru Una Lilja Erludóttir, nemi í
haf- og strandsvæðistjórnun
há Háskólasetrinu, og
myndlistamaðurinn Þorgils Óttarr
Erlingsson.

Furðuverur í fjörunni er
ætlaður nemendum í 3.-5. bekk
grunnskóla og nauðsynlegt er að skrá
þátttöku fyrir fram. Skráningarform
Nánari upplýsingar:
[https://www.edinborg.is/vidburdir/
furduverur-i-fjorunni](https://www.edinborg.is/vidburdir/furduverur-i-fjorunni)



02 maí
Edinborgarhúsið



10:00 – 14:00




Hafið og handþrykk

Bókasafn Ísafjarðar


Hvað gerist þegar við fléttum saman vísindi og list? Við ætlum að skoða nánasta umhverfi okkar – hafið og fjöruna – og nýta innblástur í að skapa. Kræklingar og kuðungar, skeljar og sandormar, þari og þang verða að mynd og mynstri á pappír eða textíl. Bókasafnið Ísafirði býður í fjöruferð með leiðsögn líffræðings.

Verkefnið er ætlað börnum og ungmennum á mið – og efsta stigi grunnskóla. Allt efnið á staðnum og þátttaka ókeypis en mikilvægt að skrá sig. Leiðbeinendur: Cristian Gallo, Kristjana Einarsdóttir og Drífa Thoroddsen.

 02 maí
Safnahúsið Ísafirði

 13:00 – 15:00

 03 maí
Safnahúsið Ísafirði

 13:00 – 15:00



Hafið og
handþrykk

Má snerta!

Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti

Má snerta hluti á söfnum? Oftast ekki, en á Minjasafninu að Hnjóti verður nýtt snertisafn opnað 2. Maí. Safnið er í raun bara ósköp venjuleg kómóða, en í hverri skúffu leynist hlutur sem má snerta skoða og jafnvel prófa! Hægt verður að skoða hlutina nánar með smásjám og svo verður hægt að teikna af þeim mynd. Komið og skoðið!



02 – 08 maí
Hnjóti, Örlygshöfn



12:00 – 16:00



Fjöruverur

Bókasafnið Bolungarvík

Myndir sem gerðar voru á viðburðinum Fjöruverur verða til sýnis í gluggum Bókasafns Bolungarvíkur. Cristian frá Náttúrustofu Vestfjarða fór með börnin í fjöruna og þau gerðu síðan frábær listaverk af því sem þau fundu.



29 apríl – 06 maí
Bókasafnið Bolungarvík



Allan sólarhringinn



Kanínur um borð


Bunnyverse

Langar þig að læra að surfa eins og kanína? Kanntu að gera kanínusplitt? Hvað með að synda kanínusund? Þú munt læra allt þetta og margt fleira á námskeiðinu okkar Kanínur um borð! Kanínur um borð! er dansnámskeið fyrir krakka á aldrinum 6-12 ára. Á námskeiðinu munum við fara í leiki og gera æfingar sem eru innblásnar af öldum og hreyfingum hafsins og í lok námskeiðsins lærum við sérstakan haf-kanínu-dans og allir dansa saman!

 04 maí
Reykhólaskóli

 13:00

 05 maí
Grunnskólinn á Ísafirði

 08:10 – 13:10



Galdraleiðangur við hafið

Strandagaldur

Ert þú tilbúin/n að safna stigum og leysa galdrarúnir? Í leiknum leggur þú af stað í spennandi leiðangur þar sem hafið, náttúran og íslensk galdratrú vísa þér veginn. Þú færð leiðbeiningar og vísbendingar sem hjálpa þér að finna næstu staði – og á leiðinni þarftu að leysa alls konar skemmtilegar þrautir! Leikurinn fer fram á Hólmavík, Patreksfjörður og Suðureyri dagana 4.–6. maí. Ert þú klár/klár í galdraleiðangur?



04 maí
Grunnskólinn Suðureyri



05 maí
Patreksskóli



06 maí
Galdrasafnið



Púkin 2026



pukinnhatid.is



Barnamenningarsjóður
Íslands